



FUNDARGERÐ

**10. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 4. apríl 2025
og hófst hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Tómas Haukur Tómasson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Formaður lagði til að við dagskrána myndi bætast við eitt mál, liður 3, yfirlit veitustjóra.

Það var samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps 2024 - 2503094

Ársreikningur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps lagður fram til staðfestingar.

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri fór yfir endurskoðaðan ársreikning Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. fyrir árið 2024. Rekstrarniðurstaða veitunnar var jákvæð um 13,6 milljónir. Fjárfesting ársins var 36,8 milljónir nettó.

Ársreikningur 2024 var samþykktur samhljóða og áritaður.

2. Geldingalækur vatnstaka - 2502075

Kynnt fyrstu drög að skoðun á vatnstöku við Geldingalæk.

THT fór yfir stöðu málsins frá síðasta fundi stjórnar. Fram kom að mikil tækifæri liggja í að skoða málið áfram og taka næstu skref.

Stjórn felur THT að vinna málið áfram.


3. Yfirlit veitustjóra. - 2310057

THT fór yfir stöðu daglegs reksturs veitunnar. Búið er að laga leka sem kom í ljós við vatnstank á Hellu. Tjón varð á stýrikerfi veitunnar í eldingarveðri og THT er búinn að koma af stað vinnu hjá Rafntákni um uppsetningu á nýju skjámynda- og stýrikerfi. Að öðru leyti hefur daglegur rekstur veitunnar gengið vel. Byrjað er að setja upp rennslismæla með fjarálestri og mun sú vinna halda áfram.


THT
E.T.
M.D.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Þráinn Ingólfsson


Eydis Þ. Indriðadóttir


Tómas # Tómas

